

Sp.

279. Tillaga til þingsályktunar

um samninga við verklyðssamtökin til að tryggja nauðsynlegustu framleiðslu þjóðarinnar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar upp samninga við verklyðssamtök landsins um hagnýtingu vinnuafis til þess að tryggja nauðsynlegustu framleiðslu þjóðarinnar og landvarnavinnuna.

G r e i n a r g e r ð .

Það horfir til aukinna vandræða í atvinnulífi landsmanna, ef haldið er áfram á þeirri braut, sem ríkisstjórnin hingað til hefur gengið með setningu gerðardómslaganna og öðrum kúgunarráðstöfunum gegn verkalyðnum.

Eina færa leiðin til að afstýra þessum vandræðum er, að teknir séu nú þegar upp samningar við verklyðssamtökin um að leysa þetta vandamál. Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að leggja fyrir ríkisstjórnina að fara þessa leið.

Nánar í framsögu.